

Mál nr. 254/2010

M

og

vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar starfsmanna.

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 26.8.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.9.2010.

Málsatvik.

M starfaði hjá L. Þann 23.7.2009 var M að loknum vinnudegi að leggja af stað heim til sín af vinnustað. Var hann að klæða sig í leðurstígvél sem var hluti af hlífðarfatnaði bifhjólamanna. Fór hann þá úr mjaðmarlið og var fluttur til aðhlyningar á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Í dagbókarfærslu lögreglu sem gerð var vegna atviksins kemur fram að M hafi legið í stiga í anddyri vinnustaðarins og verið ófær um að hreyfa sig. Hafi M talið líklegt að hann hafi farið úr mjaðmarlið þegar hann var að klæða sig í hlífðarfatnaðinn.

Í vottorði læknis á slysa- og bráðadeild Landspítalans segir að M hafi verið að klæða sig í mótorhjólábuxur. Hafi hann þá skyndilega fundið smell í vinstri mjöðm og dottið úr liðnum. Hafi M verið búinn að fá gervilið í vinstri mjöðm vegna mikilla slitbreytinga. Röntgenmynd af mjöðminni hafi sýnt að hausinn á gerviliðnum var að hluta til kominn úr lið, „kominn upp á skálarbrúnina“. Í stuttri svæfingu var M settur í liðinn.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu sem var í gildi fyrir L hjá vátryggingafélaginu X. Í tilkynningu M um slysið til tryggingafélagsins, dags. 25.6.2010, segir að hann hafi verið á leið úr vinnu og verið að klæða sig í mótorhjólástígvél. Hafi hann sett fót upp á aðra tröppu í stiga eins og hann hafi verið vanur að gera til að spyrna sér í stígvélið. Hafi hann þá runnið til á tröppunefinu og dottið.

X hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni þar sem ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum vátryggingarinnar.

Álit.

Vátryggingarskilmálar þeir sem um slysátrygginguna gilda liggja ekki fyrir. Þó virðist mega ganga út frá því að aðila greini ekki á um það að bótaskylda sé háð því M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt hefðbundinni notkun þess hugtaks í slysátryggingum, þ.e. “skyndilegum utanaðkomandi atburði sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans.” Hvorki í dagbókarfærslu lögreglu né í fyrirliggjandi læknisvottorði kemur neitt það fram sem bendir til að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið því að M hafi farið úr mjaðmarlið. Málsatvikalýsing í tjonstilkynningu um 11 mánuðum eftir atvikið telst ekki næg sönnun þess að M hafi orðið fyrir utanaðkomandi atburði sem valdið hafi meiðslum hans. Tjón M fæst því ekki bætt úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 12. október 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.